

Þjálfarar

BFSÍ gefur út réttindi til bogfimiþjálfara í starfi innan vébanda BFSÍ.

Til þess að leiðbeina, þjálfra eða hafa umsjón með börnum og ungmönnum innan vébanda BFSÍ þarf viðkomandi einnig að uppfylla önnur ákvæði 10 gr. Æskulýðslaga nr. 70/2007 s.s. að hafa ekki fengið refsisdóm fyrir kynferðisafbrot gegn börnum. Eða fengið refsisdóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni á síðast liðnum 5 árum.

Skilgreining á þjálfara BFSÍ:

Til að fá BFSÍ þjálfararéttindi þarf að hafa:

- Setið öll námskeið fyrir viðeigandi stig hjá BFSÍ
- Eða hafa fengið þá menntun metna af útbreiðslu og fræðsluviði BFSÍ
- Og hafa staðist bóklegt og verklegt próf til að ná viðeigandi þjálfara stigi.

Þjálfarastig innan BFSÍ.

- BFSÍ þjálfari stig 1 – Þjálfari byrjenda (viðmið: frá byrjun til Íslandsmóta þátttöku)
- BFSÍ þjálfari stig 2 – Þjálfari lengra komina (viðmið: frá Íslandsmótum upp í alþjóðlega þátttöku B)
- BFSÍ þjálfari stig 3 – Þjálfari afreksfólks á hæsta stigi.

Skilgreining á leiðbeinanda innan BFSÍ:

Leiðbeinandi er einstaklingur sem hefur lokið námskeiðum innan þjálfaramenntunar kerfis BFSÍ eða fengið menntun metna en hefur ekki lokið þjálfarastigs prófi.

Þjálfaramenntun BFSÍ:

Námskeiðin sem sitja þarf til að geta tekið próf fyrir viðeigandi þjálfarastig eru skilgreind á vefsíðu sambandsins af útbreiðslu og fræðsluviði BFSÍ.

Mat utanað komandi réttinda og þekkingu:

Hægt er að fá utanað komandi þjálfaramenntun metna inn í BFSÍ þjálfarastigin. Til þess að fá menntunina metna þarf að skila inn skipulagi af þjálfaranámskeiði sem setið var (t.d. WA eða þjálfaranámskeiði annars lands) til útbreiðslu og fræðsluviðs svo að hægt sé að meta hvaða námskeiðs hlutum í Íslenska þjálfarakerfinu hefur verið lokið.

Þjálfaranemar:

BFSÍ þjálfarar geta tekið að sér nema og kennt þeim það sem þarf að kunna til að verða þjálfarar. Ef þeir meta sem svo að þjálfaraneminn þeirra sé tilbúinn til að taka þjálfarapróf getur sá þjálfari mælt með að nemandinn geti tekið þjálfarapróf BFSÍ. Sá nemandi þarf þá ekki að sitja þjálfaranámskeið BFSÍ og getur tekið þjálfaraprófið beint.

BFSÍ stig 1 þjálfarar geta tekið að sér nemendur og mælt með að þeir geti tekið stig 1

BFSÍ stig 2 þjálfarar geta tekið að sér nemendur og mælt með að þeir geti tekið stig 1 eða 2

BFSÍ stig 3 þjálfarar geta tekið að sér nemendur og mælt með að þeir geti tekið stig 1, 2 eða 3

Ef að þjálfari mælir með nema í þjálfarapróf sem fellur á prófinu þá missir sá þjálfari réttindi til þess að mæla með sínum nemum. Sá þjálfari tapar ekki þjálfararéttindum sínum aðeins meðmæla réttinum. Til að geta endurvakið meðmæla rétt sinn þarf þjálfari sem tapaði slíkum rétti að endurtaka þjálfarprófið sjálfur aftur.

Þjálfaraþróf:

Enginn er undanþeginn því að taka þjálfara þróf fyrir hvert þjálfarastig til þess að vera skilgreindir sem BFSÍ þjálfarar. Þau eru gerð til þess að tryggja að þjálfarar af ákveðnu stigi geti sinnt ákveðnum verkefnum fyrir BFSÍ og hafi lágmarks þekkingu sem þarf til að þjálfra í bogfimi í ákveðnum verkefnum.

Þjálfaraþrófin eru í 2 hlutum bókleg og verkleg. Til þess að taka verklegt þróf þarf fyrst að ljúka bóklegu þrófi.

Fall á bóklegu þrófi:

- Getur tekið þrófið aftur eftir mánuð
- Ef hann fellur aftur þarf hann að sitja þjálfaranámskeið aftur eða hluta af námskeiði aftur til að geta endurtekið þróf.

Fall á verklegu þrófi

- Hefur möguleika á því að endurtaka þróf mánuði síðar og bæta upp þann kafla sem vantaði upp á.
- Ef hann fellur aftur þarf hann að sitja þjálfaranámskeið aftur eða hluta af námskeiði aftur til að geta endurtekið þróf.

Prófdómarar:

Prófdómarar þurfa að hafa margra ára reynslu af virkri þjálfun innan afreksstarfs BFSÍ og vera með hæstu þjálfaraþróttindi innan BFSÍ.

Viðhald réttinda:

Þjálfarar eru aldrei full menntaðir og hvattir til þess að auka þekkingu sína sífellt. En ákveðnar lágmarkskröfur á virkni eru settar til að halda þjálfaraþróttindum.

Staða allra BFSÍ þjálfara er metin á 4 ára fresti, aðeins virkir þjálfarar geta haldið réttindum. Þeir þjálfarar sem missa réttindi sín sökum vanvirkni þurfa að taka þjálfara þrófin aftur.

Til að fá endurmat:

BFSÍ stig 1: þurfa að vera virkir í bogfimi þjálfun að einhverju leiti í ungmenna starfi.

BFSÍ stig 2: þurfa að vera að þjálfra að lágmarki 8 einstaklinga.

BFSÍ stig 3: þurfa að vera virkir í landsliðsverkefnum, hæfileikamótun, þjálfun afreksefna og afreksfólks.

BFSÍ getur krafist þess að BFSÍ þjálfarar sitja námskeið eða þurfi að endurtaka þróf hvenær sem er til að halda réttindum.